

Borgarstjórn Reykjavíkur
1. febrúar 2022

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um mótun geðheilbrigðisstefnu Reykjavíkurborgar

Lagt er til að Reykjavíkurborg fyrst sveitarfélaga móti sér geðheilbrigðisstefnu varðandi geðrækt, forvarnir og þjónustu í geðheilbrigðismálum. Borgarráð verði falið að stýra vinnu við gerð stefnunnar. Áfangaskil af stefnunni verða tilbúin fyrsta maí ásamt tillögum um aðgerðir.

Greinargerð

Ekkert sveitarfélag á landinu hefur mótað sér stefnu þegar kemur að geðheilbrigðismálum. Stjórnsýslustigin tvö skipta með sér þjónustu við íbúa. Umfang þjónustu ríkisins nemur 73% af heildarútgjöldum hins opinbera en umfang sveitarfélaga er 27%.

Þegar kemur að geðheilbrigðismálum er óljóst hvert hlutfallið er en þó má ætla að megin þorri opinbers kostnaðar falli til hjá ríkinu. Engu að síður er það ábyrgð sveitarfélaga að haga sinni samfélagsuppbyggingu, s.s. þáttum sem snúa að skipulagi og menntun með þeim hætti að best sé stuðlað að heilbrigði, þ.m.t. geðheilbrigði.

Heilbrigðisráðuneytið mótaði geðheilbrigðisstefnu til fjögurra ára sem Alþingi Íslendinga samþykkti sem þingsályktun í lok apríl 2016. Ekkert sveitarfélag hefur í framhaldi af stefnu ríkisins mótað sér stefnu varðandi geðheilbrigðismál. Það er mikilvægt að unnar séu stefnur varðandi geðheilbrigðismál hjá öllum sveitarfélögum landsins og þar á Reykjavíkurborg að taka af skarið. Mikilvægt er að samfella sé í þeirri þjónustu sem er á milli Reykjavíkurborgar og ríkisins, með því að marka þá samfellu þá er verið að setja fólkið í forgrunn.

Reykjavíkurborg hefur verið dugleg að marka sér stefnur í fjölda málaflokka og það er mikilvægt að nú verði það skref stigið að marka stefnu er varðar geðheilbrigðismál

Á árinu 2022 mun ríkið móta sér geðheilbrigðisstefnu frá 2022-2030. Sjálfstæðisflokkurinn leggur það til að Reykjavíkurborg fyrst sveitarfélaga móta sér geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlun sem tekur mið af nýrri stefnu ríkisins í málaflokknum. E.t.v. gæti Reykjavíkurborg unnið þá stefnu samhliða og jafnvel tekið þátt í vinnu ríkisins að nýrri geðheilbrigðisstefnu Íslands 2022-2030."